

Fundargerð 8. fundar

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga 19. september 2013

Árið 2013, fimmtudaginn 19. september kl. 15.45 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman fundar Borgartúni 30 í Virkisbúð.

Mættir voru: Svanfríður Inga Jónasdóttir formaður, Róbert Ragnarsson, Guðný Sverrisdóttir,

Páll Björgvin Guðmundsson og Elliði Vignisson voru í síma.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson, starfsmaður, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sjávarútvegsfundur 2. október

Samkvæmt 9.gr. samþykktá samtakanna skal halda sjávarútvegsfund annað hvert ár. Sjávarútvegsfundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Sjávarútvegsfundur er öllum opinn og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SS en getur beint ályktunum til stjórnar sambandsins.

Formaður leggur fram tillögu að dagskrá og verkaskiptingu á fundinum.
Samþykkt.

Formaður leggur jafnframt til að fundurinn verði opinn og nýttur til kynningar á starfsemi félagsins.
Samþykkt.

2. Vinna við upplýsingaöflun, staða verkefnis

Stjórn þykir orðið ljóst að ekki verður af verkefninu að sinni og frestar því umfjöllun.

3. Önnur mál

Umræða um þingsályktunartillögu Oddnýjar G. Harðardóttur, Guðbjarts Hannessonar og Kristjáns L. Möller um hlutdeild sveitarfélaga í veiðigjaldi og tekjum af orkuauðlindum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.35.

Fundargerð skráði RR.